

Fundargerð 349. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2012, miðvikudaginn 29. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson var í símasambandi frá Ísafirði í forföllum Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir til staðfestingar - 1202002HA

Lagðar fram fundargerðir 347. og 348. fundar til staðfestingar.

Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar.

2. Fjárhagsáætlun 2013-2014 - 1111004HA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2013 og 2014 ásamt tillögu að árgjöldum aðildarhafnanna sömu ár.

Samþykkt var að leggja fram eftirfarandi tillögu að breyttu fyrirkomulagi álagningar árgjalda til hafnasambandsins með vísan til 9. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins (Stjórn hafnasambandsins skal leggja fram tillögu um árgjöld fyrir hvert þing. Við ákvörðun árgjalda skal taka sanngjarnt tillit til tekna hafna.):

„38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum 20. og 21. september 2012 samþykkir að frá og með árinu 2013 verði álagningu árgjalda aðildarhafnanna til Hafnasambands Íslands breytt á þann veg að árgjaldið verði reiknað sem ákveðið hlutfall af rauntekjum hafnanna næstliðið ár og verði hlutfallið 0,22% á árunum 2013 og 2014. Árgjöld verði þó að lágmarki 60.000 kr. og að hámarki 2.200.000 kr. Álagning árgjalda fari fram þegar upplýsingar um tekjur allra aðildarhafna næstliðið ár liggja fyrir, þó ekki síðar en 15. september ár hvert. Stjórn hafnasambandsins hefur heimild til þess að lækka álagningarhlutfall ásamt lágmarki og hámarki árgjalda við álagningu þeirra, ef ljóst þykir að árgjöld geri meira en að nægja til þess að standa straum af kostnaði við rekstur hafnasambandsins samkvæmt samþykkttri fjárhagsáætlun.“

Samþykkt var að vísa ársreikningum og tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árin 2013 og 2014 til hafnasambandsþings til afgreiðslu.

3. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Rætt um undirbúning hafnasambandsþings í Vestmannaeyjum 20. og 21. september nk. Lögð fram drög að ályktunum hafnasambandsþingsins og yfirlit yfir starfsnefndir þingsins ásamt verkefnum þeirra.

Drög að ályktunum voru samþykkt með nokkrum breytingum og verða þau send aðildarhöfnunum ásamt öðrum gögnum fyrir þingið.

Samþykkt var að leggja til eftirfarandi skipan starfsnefnda og „stýrimenn“ þeirra:

Allsherjarnefnd

Verkefni: Ársreikningar og fjárhagsáætlun ? drög að ályktun um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna - drög að ályktun um strandsiglingar.

Stýrimenn: Jón Þorvaldsson - Faxaflóahöfnum og Guðfinna Hreiðarsdóttir - Höfnum Ísafjarðarbæjar.

Hafnalaganefnd

Verkefni: Endurskoðun hafnalaga, drög að frumvarpi ? drög að ályktun um endurskoðun hafnalaga - drög að ályktun um vigtarmál.

Stýrimenn: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir - Tálknafjarðarhöfn og Sveinn R. Valgeirsson - Vestmannaeyjahöfn.

Próunarnefnd

Verkefni: Drög að ályktun um Stofnun hafs og stranda - drög að ályktun um stefnumótun í málefnum hafna - drög að ályktun um skipulags- og umhverfismál.

Stýrimenn: Víðir Benediktsson – Hafnasamlagi Norðurlands og Sigrún Árnadóttir – Sandsgerðishöfn.

Kjörnefnd

Verkefni: Tillaga um kjör aðal- og varamanna í stjórn hafnsambandsins 2012-2014 og skoðunarmanna til sama tíma.

Nefndarmenn: Kristinn Jónasson - Höfnum Snæfellsbæjar, Þorsteinn Steinsson - Vopnafjarðarhöfn og Ásthildur Sturludóttir - Höfnum Vesturbyggðar.

Fundi var slitið kl. 13:00.

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

ritari